



Kennsluáætlun

Danska 2018-2019

7. bekkur

Kennari: Sigríður Ólöf Sigurðardóttir

Nemendur kynnast tungumálinu, læra grunnorðaforða og sitt lítið af hverju um land og þjóð. Við vinnum í þeim allt skólaárið og meginmarkmið kennara er að kynna dönskuna á jákvæðan og fjölbreyttan hátt því ef nemendur eru jákvæðir gagnvart tungumálinu er hálfur sigurinn unninn. Sérstök áhersla er lögð á talað mál og tjáningu alveg frá upphafi.

Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2013:

Hæfniviðmiðin skiptast upp í þrjú þrep og miða þau saman að þessum þáttum: hlustun, lesskilningi, samskiptum, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Unnið er markvisst eftir Aðalnámskrá og þessir þættir hafðir að leiðarljósi.

Námsefni: við notum kennslubókina Start en einnig netið, iPad, allskonar leiki og fleiri kennslugögn sem detta inn hverju sinni.

	ÞEMA	VINNA
HAUSTÖNN	KYNNING Á TUNGUMÁLINU KYNNING Á LANDI OG ÞJÓÐ GRUNNORÐAFORÐI TÓNLIST JÓL	Start. Hlustunaræfingar og spjall, við skoðum tónlistarmyndbönd og fleira á netinu. Leikir og spil. Start. Hlustunaræfingar og markviss talþjálfun, við skoðum danskar heimasíður, m.a. tengdar jólum.
VORÖNN	MATUR LAND OG MENNING	Start. Hlustunaræfingar og markviss talþjálfun, við skoðum danskar heimasíður, m.a. tengdar dönsku konungsfjölskyldunni og málefnum líðandi stundar.

Námsmat:

Símat framkvæmt allan veturinn. Kennari notar þrepamarkmið Aðalnámskrár við mat. Öll verkefni metin, sem og heimavinna og skil. Kennari notar stutt próf sem lögð eru fyrir í tímum.